



## Fundargerð hreppsnefndar 06. september 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 6. sept. 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt: Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 23. ágúst sl.  
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 23. ágúst sl.  
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 23. ágúst og 3. sept. sl.  
Lagðar fram fundargerðir byggingar- og skipulagsnefndar frá 23. ágúst og 3. sept. sl.  
Fram kom fyrirspurn um það hvort fram hefði farið grenndarkynning varðandi sviðaaðstöðu Sláturfélagsins.  
Samþykkt samhljóða að senda stjórn Sláturfélagsins bréf, þar sem óskað er eftir að tilskilinna leyfa fyrir sviðaaðstöðu verði aflað tímanlega fyrir næstu sláturtíð

Gerð var grein fyrir 2. tl. fundargerðar skipulagsnefndar frá 3. sept. sl. sem fjallar um grenndarkynningu, vegna golfvallar.

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða með 7 atkvæðum.

3. mál. Sundabúð, legudeild. -Staða mála.-  
Lagt fram bréf Vopnafjarðarhepps til Velferðarráðuneytisins dags. 24. ágúst sl.  
Oddviti gerði síðan grein fyrir fundi um málefni legudeildar Sundabúðar, sem haldinn var í Velferðarráðuneytinu 28. ágúst sl., en á þann fund voru mættir fulltrúar Velferðarráðuneytis, HSA og Vopnafjarðarhepps. Á fundinum var farið yfir mikilvægi þess að þjónusta eins og veitt er á legudeildinni sé til staðar. Slík þjónusta er nauðsynleg svo eldri borgurum samfélagsins sé búið öruggt skjól í heimabyggð í lok lífshlaups síns.  
Af hendi sveitarfélagsins var einnig lögð á það áhersla að ekki yrði ráðist í uppsagnir starfsfólks á deildinni meðan unnið er að tillögugerð um framtíð legudeildarinnar.  
Aðilar fundarins voru sammála um að reyna sem kostur er að flýta nauðsynlegri vinnu við tillögugerð í þessum efnum svo unnt verði að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér og ljúka þeirri óvissu sem um þessi mál ríkir í dag.  
Í máli oddvita kom fram að vinnuhópur er í gangi í þessum efnum.

Eyjólfur Sigurðsson vék af fundi meðan fjallað var um næstu tvo töluliði á dagskrá hreppsnefndar annars vegar um "vatnsveitulögn" og hins vegar um "holræsalögn"

4. mál. Fyrirhugaðar framkvæmdir við vatnsveitulögn.

Áður var fjallað um verkefnið á fundi sveitarstjórnar 21. júní sl., en þar var sveitarstjóra falið að finna heppilegustu leiðina til að framkvæma verkið.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefninu og að brýnt væri að koma því af stað. Að athuguðu máli lagði hann til að Vopnafjarðarheppur tæki að sér öll efniskaup í verkið og hefði yfirumsjón með

lagnavinnunni. Ennfremur lagði hann til að sveitarstjóri og forstöðumaður áhaldahúss fengju heimild til að ganga beint til samninga við jarðvinnuverktaka um jarðvinnuþátt verksins.

Fyrirliggjandi málsmeðferð samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1 atkvæði.

5. mál Hafnarbyggð, holræsalögn

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefninu. Í máli hans kom fram að holræsalögn í innri hluta Hafnarbyggðar hefði verið mynduð og þar hefði komið fram að nauðsynlegt væri að endurnýja hana. Um er að ræða lögn frá Akkerishólma að vegamótum niður að höfn gegnt skrifstofuhúsnæði Blika ehf.

Að athuguðu máli lagði sveitarstjóri til að Vopnafjarðarhreppur tæki að sér öll efniskaup í verkið og gengi beint til samninga við verktaka um jarð- og lagnavinnu.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1 atkvæði.

Eyjólfur Sigurðsson mætti síðan aftur á fundinn.

6. mál. Girðingar með Vesturárdalsvegi í landi sveitarfélagsins.

Gerð var grein fyrir því að unnið er að samningum við Vegagerðina um girðingarmál meðfram Vesturárdalsvegi fyrir landi sveitarfélagsins.

Í stað þess að girða báðu megin vegar frá svokölluðum Tótatanga eða Svarthyl í Vesturdalsá rétt innan við Selhól, hefur verið unnið að annarri útfærslu þessarar girðingar.

Þar er miðað við girðingu neðan vegar frá Tótatanga að Skógalóni og setja rörhlið á Torfastaðaafleggjarann. Sleppa síðan girðingu þaðan neðan vegar að núverandi rörhliði rétt innan við sorphauga. Ennfremur verður þá engin girðing ofan vegar frá Tótatanga niður að rörhliði innan við sorphauga. Með þessu sparast um 4,7 km. í girðingum.

Samningaumleitarnir sveitarfélagsins við Vegagerðina ganga síðan út á það að nýta þetta efni til girðingar frá Tótatanga yfir í Hofsdal með löndum Vopnafjarðarhrepps, Vatnsdalsgerðis, Torfastaða og Ásbrandsstaða. Með þessu móti er gert ráð fyrir að ná fjárlausu hólfu frá þessari girðingu og út í þorp.

Fundarmenn töldu áform þessi mjög af hinu góða og samþykktu samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá samkomulagi við vegagerðina um þessi mál í samráði við viðkomandi landeigendur.

7. mál. Bréf Umhverfisstofnunar um ráðuneytisins frá 27. ágúst sl., varðandi urðunarmál. Jafnframt bréf Umhverfisstofnunar, varðandi umsögn að deiliskipulagi og aðalskipulagi, dags. 27. og 28. ágúst sl.

Lögð fram bréf Umhverfisstofnunar um ráðuneytis frá 27. ágúst sl., varðandi urðunarmál. Jafnframt voru lagðar fram umsagnir Umhverfisstofnunar um þessi mál frá 27. og 28. ágúst sl.

Fram kemur í bréfi Umhverfisstofnunar að til þess að ráðuneytið geti gefið út bráðabirgða starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn að Búðaröxl þarf að hafa borist fullnægjandi umsókn fyrir slíkt starfsleyfi með uppfylltum öllum þeim kröfum um gögn, sem fylgja skulu slíkri umsókn. Unnið er að slíkri umsókn og frágangi gagna, sem með henni þurfa að fylgja og verður hún fullbúin öðru hvoru megin næstkomandi helgar.

Sveitarstjóri lagði síðan fram svofellda yfirlýsingu sem samþykkjast þarf af sveitarstjórn vegna þessara mála:

**„Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem settar eru fram varðandi frágang og vöktun urðunarstaðar sveitarfélagsins við Búðaröxl, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Af hálfu Vopnafjarðarhrepps er litið svo á að yfirlýsing þessi jafngildi starfsleyfistryggingu, sbr. 41. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr.**

**reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ábyrgð þessi gildir í 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins."**

Hreppsnefnd samþykkir framlagða yfirlýsingu samhljóða með 7 atkvæðum og felur sveitarstjóra að ganga frá og undirrita öll nauðsynleg gögn sem til þarf fyrir fullgilda starfsleyfisumsókn.

8. mál. Endurskoðun samþykkt fyrir gatnagerðar- og byggingaleyfisgjöld. Gjaldsrár fyrir vatnsveitu og fráveitu. Lögð fram frumdrög.-Fyrri umræða-  
Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að endurkoða þyrfti gildandi gjaldskrá um gatnagerðar og byggingarleyfisgjöld og þjónustugjöld. Jafnframt þyrfti að vinna gjaldskrá fyrir vatnsveitu og fráveitu sveitarfélagsins. Lögð voru fram drög að gjaldskrám fyrir gatnagerðatgjöld og tengd gjöld, gjaldskrá vatnsveitu og fráveitu.

Eftir umræður um þessi mál var samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna endanlegar tillögur að þessum gjaldskrám, sem síðan yrðu lagðar fyrir sveitarstjórn til síðari umræðu og samþykktar.

9. mál. Drekasvæðis -og Finnafjarðarmál. Fyrirhugaður fundur með forsvarsmönnum Langanesbyggðar.

Lagt fram erindi frá Langanesbyggð, varðandi Drekasvæðishugmyndir og hugmyndir um mögulega uppbyggingu tengda olíuleit á Drekasvæði og hugsanlegar Norðurishafssiglingar.

Í erindinu er óskað eftir að komið verði á fundi forsvarsmanna sveitarfélaganna um áframhaldandi samvinnu í þessum efnum.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum, að fela oddvita og sveitarstjóra að funda með fulltrúum Langanesbyggðar um þessi mál.

10. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf Umhverfisstofnunar, varðandi notkun vélknúinna ökutækja við leitir.

Lagt fram til kynningar.

b) Bréf Hafnarsambands Íslands dags. 14. ágúst sl., varðandi hafnarsambandsþing.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.25.